

Með kveðju frá höfundum!

ÞÓRSMÖRK.

Skýrsla gæslumanna F.Í.  
frá sumrinu 1979.

Efnisyfirlit:

- I. Inngangur.
- II. Annáll sumarsins.
- III. Störf gæslumanna.
- IV. Fjöldi ferðamanna og flokkun þeirra.
- V. Umgengi gerðafólks og samskipti við það.
- VI. Tillögur til úrbóta.

Æskilegar framkvæmdir.

Starf verslunarstjóra.

Samstarf við Skógrækt ríkisins.

Samgöngumál.

- VII. Lokaorð.

## I. Inngangur.

Skýrsla þessi er unnin af gæslumönnum Ferðafélags Íslands, sumarið 1979, Sigurlaugu Kristmannsdóttur og Daníel Hansen. Auk þess starfaði Guðný Hansen í Þórsmörk við verslunar- og gæslustörf. Í skýrslunni verður reynt að draga upp mynd af fjölpættu starfssviði gæslumanna og rakinn annáll sumarsins. Fjallað verður um fjölda ferðamanna í Langadal, umgengni þeirra og samskipti við gæslumenn. Að lokum verða gerðar tillögur til úrbóta.

## II. Annáll sumarsins.

Þann 5.maí 1979 má segja að starf okkar í Þórsmörk hafi byrjað. Þá var farin svökölluð tilgangsferð á vegum Ferða-félagsins. Með í ferðinni voru sjálfbæðaliðar sem unnu ötullega að ýmsum störfum; gengu frá elífukyndingu, fjölgðu gasljósum og gerðu alsherjar vörhreinngingu á skálanum. Var þetta í fyrsta sinn sem við stigum fæti okkar í Skagfjörðsskála og urðum við strax hugfangin af þessu framtíðarheimili okkar. Var okkur sýnt og kennt það sem við þyrftum að hafa úmsjón með um sumarið. Voru það sérfræðingar F.Í., hver á sínu sviði sem settu okkur inn í starfið.

Þann 25.maí fluttum við síðan búferlum. Vorum við full bjartsýni og eftirvæntingar. Settum við okkur það markmið að leysa sjálf öll vandamál sem upp kæmu um sumarið og leita ekki á náðir lögregluyfirvalda fyrr en í lengstu lög. Einnig að hafa hreint og snyrtilegt utan dyra jafnt sem innan og gera Langadalinn aðlaðandi fyrir ferðafólk. Daginn eftir var nýbygging fyrir verslun staðarins flutt inn í Þórsmörk. Var verslunin ekki formlega opnuð fyrr en viku seinna sökum vöruskorts. Margar tillögur voru gerðar um nafn á versluninni og hlaut tillaga Gests Guðfinnssonar bestu undirtektir. Samkvæmt henni er verslunin nefnd Árbakki.

Fyrstu vikunni eyddum við aðallega í að koma okkur fyrir, kynna okkur staðhætti og undirbúa sumarið. Næsta helgi, Hvítasunnan var lærdómsríkasta helgi sumarsins. Fengum við þá eldskírni okkar í starfi. Það sem eftir var sumars var barnaleikur í samanburði við atburði Hvítasunnuhelgarinnar. Og köllum við

þó ekki allt ömmu okkar í þeim efnum. Þessi helgi mótandi viðhorf okkar gagnvart starfinu og kenndi okkur grundvallaratriðin í starfsaðferðum. Nutum við ómetanlegrar aðstoðar og ráðgjafar bílstjóra Vestfjarðaleiðar og fararstjóra Ferðafélagsins, þá sem eftirleibis.

Vikan eftir Hvítasunnu fór í að hreinsa upp sýðaskapinn eftir helgina. Tíðin var þá kjörin til áburðardreifingar og sáningar grasfræs. Kom tilsögn Einars Ólafssonar að góðu haldi í þeim efnum en hann var eins konar ráðgjafi okkar allt sumarið. Var þetta hentugasti tíminn til slíkra vörverka, því í kjölfar hans kom tími mikillar sprettu. Færðum við til brýr yfir lækni til að breyta göngustígum og sáðum í uppgengin flög. Fyrir verslunarmannahelgina gerðum við það sama, bárum á, sáðum og færðum til brýr í þeim tilgangi að hindra myndun graslausra göngustíga.

Að fenginni þessari fyrstu reynslu var allt hversdagslegt, fólk kom og fór og við unnum okkar daglegu störf. Hver vika, dagur og jafnvel stund höfðu þó sín sérkennisem seint mun líða okkur úr minni. Bar þó til tíðinda í lok júlímánaðar að við fengum tækifæri til að ganga inn að skála F.Í. við Emstrur og gista þar eina nótt. Voru tvær slíkar ferðir farnar, því ekki gátum við yfirgefið störf okkar öll í einu. Gerðu dvalargestir þetta mögulegt með því að hlaupa í skarðið fyrir gæslumenn á meðan.

### III. Störf gæslumanna.

Ef lýsa á daglegum störfum í Þórsmörk er best að fylgjast með gæslumönnum frá morgni til kvölds.

Fyrsta verk gæslumanna á hverjum degi er að hækka á eldavélum og setja upp vatnspotta. Þetta starf þarf að gera áður en gestir fara á stjá, því ekki er æskilegt að aðrir en gæslumenn snerti á eldavélum.

Einnig þarf að athuga salerni, hvort nóg sé af pappír og þau snyrtileg eftir nóttina, áður en gestir þurfa að fara að nota þau. Síðan fer eftirlit með salernum eftir veðráttu og fjölda ferðamanna. Í slæmu veðri þarf alltaf af og til að vera að þurrka upp og hreinsa og eins er ef mikill fjöldi ferðamanna er á svæðinu. Sé hins vegar fátt ferðamanna og þurrt og gott veður nægja ein til tvær ferðir á dag.

Eftir að gestir fara á stjá þá mega gæslumenn búast við að þurfa að sinna ferðamönnum hvenær sem er. Annað hvort þeim sem dveljast á svæðinu, eða þá ferðamönnum, hópum eða einstaklingum sem koma óvænt. Af þessum sökum verður ávalt einn gæslumanna að vera til staðar í skála eða í næsta nágrenni hans. Einn gæslumanna þarf að vera til staðar í versluninni fjóra tíma á dag, árdegis og síðdegis.

Það telst til daglegra starfa að ganga um Langadal og aðdali hans til að tína upp rusl og hreinsa umhverfi. Þetta starf vannst yfirleitt á þann hátt að gæslumenn fóru í gönguferðir um umhverfið og hreinsuðu það um leið. Þetta starf þurfti sérstaklega að vinna eftir helgar eða þegar margt ferðafólk hafði verið á svæðinu. Oft var hægt að virkja dvalargesti til þessara starfa, ekki hvað síst börn.

Mjög nákvæmt eftirlit þurfti að hafa með húsi. Einn gæslumaður þurfti ávalt að vera til staðar. Meðal annars þarf að hafa mjög gott eftirlit með eldhúsum. Reyndum við að hafa ávalt fulla potta af heitu vatni á eldavélum og allt aðgengilegt. Þá var oft lokað fyrir trekkop á eldavélum og fylltist þá allt af sóti og drapst í vélunum. Einnig þurfti að hafa hugann vel við gasljósin þegar þau voru logandi, og brýndum við fyrir fólki að láta eingöngu gæslufólk um að hugsa um ljósin. Reyndist það farsælast vegna þess hve viðkvæm þau eru. Sífelld þurftum við þó að vera á vappi og fylgjast með, því margir reyndu að fikta og athuga. Í raun má segja að þurft hafi að líta eftir að allt væri í röð og reglu og allir hefðu aðstöðu til að notfæra sér það sem skálinn hefur upp á að bjóða.

Verslun höfðum við opna fjóra tíma á dag. Á milli þess sem hún var opin þurfti að hreinsa til, raða upp í hillur, þannig að allt væri við hendina á opnunartíma. Skiptumst við á að gera þetta.

Auk þess sem upp hefur verið talið var ýmiss konar þjónusta við ferðafólk sem of langt yrði að telja upp.

Síðasta verk gæslumanns áður en hann fer að sofa er að lækka á eldavélum, og taka vatnspotta af þeim og láta þá standa á borði yfir nóttina. Einnig að skrúfa fyrir gas, bæði inni og á kútunum úti.

Auk þessara daglegu starfa sem að framan eru skráð, eru störf sem vinna þarf í viku hverri eða nokkra daga í viku.

Fyrst ber að nefna þrif á skála og salernum. Eftir að ferðafólk var farið á sunnudögum tókum við allt í gegn, ræstum og

viðrubum. Þetta vannst á einum degi, og tók styttri tíma þegar dvalargestir tóku þátt í þessum störfum. Allt rusl þurfti að tína saman, losa ruslagrindur og brenna allt saman. Þetta gat tekið allt að þrjá daga ef margt hafði verið um manninn, auk þess sem brennsluöfn var mjög afkastalítill. Þá þurfti og að ganga um allt svæðið til að hreinsa það.

Á föstudögum þurfti einnig að hreinsa og viðra, raða upp dýnum og undirbúa skálann og svæðið undir það að taka á móti ferðafólki. Lögðum við metnað okkar í að hafa Skagfjörðskála og Langadal sem snyrtilegasta og aðlaðandi. Hvöttum við þannig fólk til góðrar umgengni.



#### IV. Fjöldi ferðamanna og flokkun þeirra.

Fjöldi gistinguáttanna er áætlaður út frá tölulegum upplýsingum frá F.Í. um hópa á þeirra vegum og talningu ákkar við innheimtu tjaldgjalda. Má telja þær tölur áreiðanlegar. Samkvæmt þeim er heildarfjöldi gistinguáttanna á tímabilinu 25.5 til 9.9.1979 í Langadal og afdölum hans samtals 10.124. Þar af eru Íslendingar í 86% gistinguáttanna, en hluti útlendinga er aðeins 14%. Í skála eru 46% gistinguáttanna en afgangurinn, 54%, í tjöldum.

Mynd 1 sýnir heildarfjölda gistinguáttanna á tímabilinu 25.5 til 9.9.1979. Þar kemur fram að fjöldi ferðamanna er mestur í júlímánuði og framundir miðjan ágúst. (Sjá mynd 1.)

Mynd 2 sýnir hlutfall gistinguáttanna í skála eða tjöldum af heildar fjölda gistinguáttanna á tímabilinu 25.5-9.9.1979. Þar kemur fram að nýting á gistinguáttum í skála er tiltölulega stöðug á tímabilinu júlí-ágúst. Sveiflur í fjölda gistinguáttanna orsakast af breytilegum fjölda tjaldgæsta. (Sjá mynd 2.)


Mynd 3 sýnir hlutfall gistinguáttanna Íslendinga eða útlendinga af heildarfjölda gistinguáttanna á tímabilinu 25.5-9.9.1979. Þar kemur fram að Íslendingar eru meginuppistadan í ferðamannafjölda í Þórsmörk. Í byrjun ágúst er hluti útlendinga hlutfallslega mestur af heildarfjölda. (Sjá mynd 3.)

Mynd 4 sýnir breytingar á fjölda gistinguáttanna eftir dögum á tímabilinu 25.5-9.9.1979. Þar sést greinilega hve staðurinn er fjölsóttur á helgum. Um miðjan júlí er fjöldi gistinguáttanna mestur á einum sólarhringi. Í lok júlímánaðar er mest um dvalargesti í miðri viku. (Sjá mynd 4.)

Erfitt reyndist að áætla fjölda daggesta, einkum um helgar. Algennt var að tjaldbúar úr Húsadal, Básun o.s.frv. kæmu í Langadal í verslunarerindum eða til að notfæra sér aðra þjónustu F.Í. Var það hverjum manni ofætlun að giska á þann fjölda. Reyndum við að meta fjöldann út frá aðsókn í verslunina og tilfinningu fyrir mannhafinu. Tölur um daggesti eru því mjög vafasamar. Ber að líta á þær sem nálgun við þann lágmarksfjölda daggesta sem heimsóttu Langadalinn. Fróðlegt væri að bera þær tölur saman við talningu skógarvarða frá sama tímabili. Samkvæmt okkar skráningu er fjöldi daggesta í Langadal á tímabilinu 25.5.-9.9.1979 um 7000. Við leggjum áherslu á það hversu óáreiðanlegar þessar talningar eru.

Gæslumenn skiptust á að gæta skálans um helgar fram undir miðjan október. Verður ekki greint nánar frá fjölda gesta um þær helgar.

Mynd 1. Sýnir heildarföldu gisti-  
nætti á tímabilinu 25.5 - 9.9. 1979.




□ : 25 gistinguætur.

— : 1 vika.


Fjöldi gistinguátta.

Ungdóm. Sýnir hlutfall gistinguátta í skála eða fjöldum af heildarfjölda gistinguátta á tímabilinu 25.5-9.9.1979.








Mynd 3. Sýnir hlutfall gistingu  
Íslendinga eða útlendinga af  
heildarfjölda gistingu á tímabilinu

25.5 - 9.9. 1979



□ : 25 gistingu  
Íslendinga.  
▨ : 25 gistingu  
útlendinga.  
┌───┐ : 1 vika.

Mynd 4. Sýnir breytingar á fjölda gistinguátta eftir dögum á tímabilinu 25.5-9.9.1979.



## V. Umgengni ferðafólks og samskipti við það.

Í miðri viku ríkir fjölskyldubragur á mannlífinu í Skagfjörðsskála. Dvalargestir una sér vel fjarri hversdagslegum skarkala borgarlífsins. Allir leggjast á eitt við að halda skálanum hreinum og snyrtilegum. Gengur allt slíkt sjálfkrafa fyrir sig og þurfa gæslumenn aldrei að skipta sér af ræstingu á vistarverum dvalargesta. Heimilisfólkið tekur iðulega þátt í daglegum störfum gæslumanna. Ef vinna þarf eitthvað meiriháttar verk eru alltaf til taks sjálfboðaliðar úr hópi dvalargesta.

Farnar voru gönguferðir um nágrennið og reyndum við að slást í hópinn eins oft og færi gafst. Með því móti lærðum við að þekkja umhverfið til að geta síðan leiðbeint öðrum um svæðið. Á kvöldin var oft glatt á hjalla; sagðar sögur, sungið og jafnvel stigin dans, en ætíð gengið snemma til náða.

Á föstudagskvöldum verða mikil umskipti á mannlífinu. Þá streyma að ökutæki hlaðin fjörugu fólki sem ætlar að eyða helginni úti í náttúrunni. Reyndum við að taka glaðlega á móti öllum og vísa fólki á tjaldstæði með tilliti til þess hver-  
nig það hafði hugsað sér að eyða helginni. Fengu fjörugustu hóparnir Vesturdalinn til afnota og síðan var tjaldstæðum innst í Langadalnum úthlutað. Heyrðist þá oft óánægju kurr úr hópnum, fólki fannst ómögulegt að arka þessa "löngu" leið með allt sitt hafurtask og vildi fá að tjalda á flötinni vestan við skálann. Við vorum ósveigjanleg í afstöðu okkar og vildum fyrir alla muni hafa verðandi nátthrafna eins langt í burtu frá skálanum og kostur var. Tókst undir öllum kringumstæðum að sannfæra fólk um kosti þess að dvelja innst í dalnum.

Þar er jú meira skjól fyrir veðri og vindum og hópurinn gat verið meira út af fyrir sig en frammar í dalnum. Fjölskyldu-fólki var vísað á svæðið austan við skálann og Dauðramannagil. Þegar margt var um manninn í Langadal notuðum við svæðið vestan við skálann einnig fyrir tjöld.

Fyrstu kynni okkar af hópunum höfðu úrslitabýðingu fyrir öll samskipti okkar á milli það sem eftir var helgarinnar. Reyndum við því að taka vel á móti öllum, vera hlýleg í viðmóti og vinna gesti á okkar band. Buðum við fólki að notfæra sér þjónustu Ferðafélagsins en gerðum því jafnframt ljóst að við ætluðumst til góðrar umgengni um svæðið.

Á laugardögum báðum við einhvern úr hópunum að innheimta tjaldgjöld af félögum sínum. Var því ávalt vel tekið. Á sunnudagsmorgnum gengum við um svæðið og buðum gestum ruslaþoka í stað þess að skammast yfir sёðaskapnum sem oft var í kringum tjöldin. Tíndi fólk yfirleitt ruslið upp í kringum tjöld sín. Á því voru þó nokkrar undantekningar sem sjálfsagt mega skrifast á hugsunarleysi fólks.. Á alfaraleiðum var aftur á móti ekki hægt að biðja neinn ákveðinn að tína upp ruslið. Kom það því í okkar hlut og blöskraði okkur oft sёðaskapurinn. Fólk virðist hreinlega ekki kunna að meta ómengaða náttúru, eftir umgengni þess að dæma. Fyrir utan þessi venjubundnu samskipti við hópana, bar ýmislegt á góma sem ekki verður rakið hér. Voru samskiptin yfirleitt góð en báru oft keim af veðurfarinu. Þegar rigndi var fólk t.d. pirrað, sléptist um og leitaði mikið í skálann, aðallega á nóttunni. Umburðarlyndið gagnvart náunganum var í lágmarki og mikið var kvartað. Þegar sólin skein gekk allt miklu auðveldar fyrir sig og minni ásókn var í skálann.



Ferðafólki á vegum F.Í. var vísað til gistingar í skálanum eða á tjaldsvæði austan við skálann. Margt af því fólki er heimavant í Þórsmörk og þarf lítið að hafa afskipti af hegðun þess. Ber það fólk af í umgengni, utan dyra jafnt sem innan. Í öllum hópum leyndust þó svartir sauðir og þurftum við að brýna fyrir þeim betri umgengnishætti. Að lokinni helgardvöl þreif fólk vistarverur sínar og gerðum við miklar kröfur til þess að það verk væri vel unnið.

Þeir sem vildu sofa á nóttunni áttu heimtingu á svefnfriði og urðu nátthrafnarnir að aðlaga sig að því. Um ellefuleytið átti að vera komin ró á í skálanum og þeir sem ekki voru tilbúnir að lúta því urðu að leita að fjörinu utan húss. Föstudagskvöld voru að sjálfsögðu undanskilin þessari tímasetningu, því Ferðafélagshóparnir komu ekki fyrr en undir miðnætti. Um helgar fólst mikil vinna í því að standa vörð um svefnfrið skálagesta. Tjaldbúar sóttu í skálann, aðallega fyrir forvitnissakir og einnig í leit að hjálp ef eitthvað óhapp henti. Skálagestir áttu einnig til að vera seint á ferli og gleyma tillitsemi gagnvart sofandi félögum sínum. Skiptust skálaverðir á að vaka á nóttunni og vera til taks ef með þyrfti. Voru næturnar oft erilsamar enda "fjörir" þá í algleymingi með alla sína fylgikvilla. Á nóttunni urðu flest slys, menn hlutu áverka í slagsmálum, fóru ógætilega og meiddu sig eða festu ökutæki sín í ánni. Allir sem áttu um sárt að binda leitundu í skálann eftir aðstoð. Undir slíkum kringumstæðum voru nærstaddir ætíð reiðubúnir að liðsinna og hjálpa ökkur eftir bestu getu.

Á sunnudögum flyktist fólk í burtu og eftir urðum við ásamt dvalargestum. Kvöddum við fólk með tilfinningu blandinni gleði og söknuði. Helgi var liðin án teljandi vandkvæða, en erfitt að kveðja góða vini.

## VI. Tillögur til úrbóta.

### Askilegar framkvæmdir.

Til að auðvelda gæslumönnum starfið má lagfæra ýmislegt með litlum tilkostnaði. Bráðabirgða úrbætur duga skammt og gæslumenn hafa hvorki tíma né verkfæri til að sinna þeim. Verða atriðin talin upp í förgangsröð og reynt að rökstyðja þörfina fyrir úrbótum.

### Skagfjörðsskáli:

1. Skipta um hurðarhún og skrá í útidyrum. Gormar í gömlu skránni voru sífellt að slitna og reyndist mjög tímafrekt að skipta um. Hurðin lækast illa því hurðarhúnn og skrá eru orðin slitin.
2. Búa þannig um útidyrarhurð að hægt sé að loka henni án þess að hún skelli aftur og raski ró sofandi skálagesta.
3. Lakka gólfin í suðurendanum. Auðveldar ræstingu og ver gólfin gegn sliti.
4. Víða eru klinkur og lokunarútbúnaður á gluggum ónýtt. Erfitt er að gera við því viðurinn er orðinn fúinn og illa skrúfuheldur. Þyrfti að skipta um opnanlega glugga í Suðurstofunni.
5. Gamla fótapurrkan í anddyrinu er orðin uppgengin. Nýja mottan þyrfti að vera létt og meðfærileg en það stinn að hún kublíst ekki. Stærðin þarf að vera þannig að hægt verði að skorða mottuna undir borðin.
6. Olfueldavélarnar leka og sóða út gólfin, auk þess sem olfupollur á gólfi veldur eldhættu. Þetta þyrfti að lagfæra.
7. Skálagestir freistubust oft til að fikta í karbaratorum á eldavélum með þeim afleiðingum að oft var slökkt á eldavélunum. Tímafrekt er að hreinsa brennsluhólfið og kveikja upp á nýjan leik. Væri ekki hægt að smíða læsanlegan kassa utan um karbaratorinn?

8. Tvívegis var skrúfað fyrir gaskútana sem standa óvarðir utan við skálann. Nauðsynlegt er að smíða kassa utan um kútana.

9. Gaskútarnir eru erfiðir í flutningi. Til eru kerrur sérstaklega ætlaðar til flutnings á slíkum kútum.

### Eyrarbakki.

1. Setja niðurföll á gólf. Til að benda á mikilvægi þeirra verður tekið eitt dæmi af mörgum hliðstæðum: Laugardagskvöld eitt stíflaðist klósett og vatn flæddi út á gólf. Þegar skálavörður kom á staðinn var ökladjúpur vatnseigur á gólfinu. Í rúma tvo tíma var viðkomandi skálavörður að vinna upp vatnið af gólfinu og einn tíma til viðbótar að þrifa húsið og gera það mönnum bœðlegt á nýjan leik. Þannig fóru þrír tímar til ónýtis einmitt þegar álagið er mest við gæslustörf. Að auki væri mun auðveldara að þrifa húsið ef niðurföll væru til staðar, að ekki sé minnst á tímasparnaðinn.

2. Útbúa þarf vaskabörðin þannig að vatn geti ekki runnið niður á gólf og séðað allt út. T.d. mætti setja stálvaska með brún við borðendann.

3. Ein setan á kvennaklósettinu er laus, þyrfti að festa hana varanlega.

4. Setja upp óbrjótanlega spegla fyrir ofan vaska.

5. Hurðir fyrir baðherbergjum eru lausar á hjörum og því erfitt að loka þeim. Þarfnast lagfæringar.

6. Pallur fyrir framan baðherbergi er brotinn.

7. Niðurfali frá vaskinum við norðurgafi Eyrarbakka er ónýtt. Eyðileggur grasið ef ekkert verður að gert.

### Verslunarráðgjafi (Árbakki).

1. Nauðsynlegt er að setja upp kejur því gæslumenn höfðu vaktaskipti um helgar og sváfu í Árbakka til skiptia.
2. Búa betur um mældarbyggingu fyrir framan söluþið.
3. Koma upp sörphirslum við verslunina.

### Sörpeyðingarstöð.

1. Það mikið sörp safnaðist saman yfir háannatímann að einn öfn hafði ekki undan við sörpbrennsluna. Tveir öfnar til viðbótar væru því æskilegir.

2. Nauðsynlegt að koma fyrir fleiri ruslahirslum. Heppileg staðsetning þeirra væri við hlið þeirra hirsla sem fyrir eru.

Gæslumenn leggjast eindregið gegn þeirri hugmynd að reisa verönd fyrir framan skálann. Þar með væri nátthrófnum gefinn kærkomin samkomustaður og hvað yrði þá um nætur-svefn skálagesta. Hins vegar hvetjum við eindregið til þess að brú verði gerð yfir gilið austan við skálann. Búið er að mæla út heppilegan stað fyrir þessa framkvæmd.

## Starf verslunarstjóra.

Samkvæmt vinnulýsingu felst starf verslunarstjóra í daglegum rekstri verslunar og aðstoð við ræstingar og gæslustörf. Verkaskiptingin varð hins vegar aldrei skýrt afmörkuð. Verslunarstjóri sinnti jafnt gæslustörfum á við aðra starfsmenn, jafnframt því sem gæslumenn tóku þátt í verslunarstörfum.

Laun verslunarstjóra námu aðeins 2/3 hlutum af launum gæslumanna. Þannig að sömu vinnu var ekki umbunað með sömu launum. Þykir okkur fullfástaða til að leiðrétta þetta óréttlæti. Tillaga okkar er að stada verslunarstjóra verði metin að verðleikum og þrjár stöður gæslumanna verði veittar í Þórsörk á komandi sumri. Með skírskotun til vinnuálags á helgum eru þetta ekki óréttmætar kröfur.

## Samstarf við Skógrækt ríkisins.

Síðast liðið sumar voru tveir fástir starfsmenn á vegum Skógræktar ríkisins að störfum í Þórsörk. Starf þeirra fólst í hreinsum, sorpeyðingu og innheimtu tjaldgjalda á öðrum svæðum en í Langadalnum. Auk þess áttu þeir að halda Mörkinni fjárlausri. Var það mál kunnugra að Húsadalur og Básar hafi á síðari árum aldrei verið jafn snyrtilegir og í sumar. Starf starfsmanna Skógræktarinnar og Ferðafélagsins skaraðist á engan hátt, nema þegar fólk festi bíla sína í ánum. Starfsmenn Skógræktarinnar höfðu bfl til umráða, en við höfðum aðstoðu til aðhlyningar.

Teljum við fullkoma þörf fyrir tvo starfsmenn á vegum Skógræktar ríkisins í Þórsörk. Til að auðvelda þeim starfið þarf að skilgreina það nánar og gera þeim þannig ljóst til hvers er ætlast af þeim. Með því móti verig

grundvöllur fyrir styrkara samstarfi, þar sem báðir aðilar vissu til hvers má ætlast af hinum.

Því ber ekki að leynd að í Þórsmörk var krökkt af sauðfé síðast liðið sumar. Viðleitni skógarvarða til smölunar bar engan árangur því girðingin reyndist ekki fjárheld. Sauðfé er mikill skaðvaldur fyrir gróður í Þórsmörk. Ef menn vilja viðhalda náttúrufegurð þar er brýn nauðsyn á réttækum aðgerðum.

Til að hefta uppblástur þarf að hefja stórvirkar ræktunar- aðgerðir. Leikur okkur sérstakur hugur á að græða upp Langadals- og Húsadalsföldirnar. Mætti vel virkja dvalar- gesti til ræktunarstarfa ef efniviður og þekking er fyrir hendi.

Ef vel ætti að vera þyrfti að gera Þórsmörkina að þjóðgarði og friðlýsa Almenninga

### Sangöngumál.

Að sögn þeirra sem til þekkja voru árnar á leiðinni inn í Þórsmörk évenju vatnslitlar síðast liðið sumar. Samt sem áður tókst mönnum hvað eftir annað að festa ökutæki sín í ánum. Oftast má kenna vangá um en svo virtist sem slík óhöpp væru oft endirinn á glæfralegum leik. Menn aka undir áhrifum áfengis og virða að vettugi landslög sem banna slíkt. Hlýtur þetta frekar að teljast málefni löggæslunnar en gæslumanna Ferðafélagsins.

Við mótællum alfarið að göngubrú yfir Krössá sé lausn á þessu vandamáli. Á meðan menn gera sér leik að því að reyna

ökutæki sín í ánum má alltaf búast við óhöppum. Jafnvel  
aksturshæfar brýr kæmu aldrei í veg fyrir síft. Rót  
meinsins liggur í viðhorfum manna gagnvart ökutækjum.

Skipulagður áróður í fjölmiðlum og upplýsingar um akstur  
í straumvötnum gætu dregið úr óhöppum.

## VII. Lokaorð.

Þegar við tókum störf gæslumanna í Þórsmörk að okkur, óraði okkur ekki fyrir því hvað framundan væri. Eftir á stöndum við reynslunni ríkari og með gleði í huga minnumst við sumarsins.

Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem með ráðum og dáðum styrktu okkur í starfi. Sérstaklega þökkum við bílstjórum Vestfjarðaleiða, fararstjórum Ferðafélags Íslands og starfsmönnum Skógræktar ríkisins fyrir ánægjulegt samstarf og góð viðkynni. Síðast en ekki síst viljum við færa Guðnýju Hansen verslunarstjóra þakkir fyrir samveruna í Þórsmörk sumarið 1979.

Laugargerðisskóla 3.3.1980.

Sigurlaug Kristmannsdóttir.  
Daniel Hansen